

1975 – ÁR HÚSFRIÐUNAR

Evrópuráðið samþykkti á árinu 1972 að helga árið 1975 húsfriðun með hliðstæðum hætti og árið 1970 var helgað náttúruvernd. Tilgangurinn með þessu er að beina athygli almennings, sveitarstjórna og annarra stjórnvalda að varðveislu-gildi evrópskrar byggingarlistar í því augnamiði að hindra, að evrópsk menningararfleifð fari til spillis á þeim umbrota- og framkvæmdatímum, sem nú eru.

Í flestum Evrópuráðsríkjunum hefur verið stofnað til samstarfsnefnda um varðveislu gamalla húsa og annarra fornminja, og eiga sæti í þeim fulltrúar stjórnvalda, sveitarfélagasamtaka, arkitekta og samtaka áhugamanna um þetta efni.

Haldnar verða ráðstefnur bæði fjölþjóðlegar og innan hvers lands. Þannig verður efnt til mikillar ráðstefnu í Amsterdam 22.–24. október í tilefni af 700 ára afmæli borgarinnar á þessu ári. Einnig verða haldnar sýningar og gefin út frímerki í tilefni ársins.

Stjórn sambandsins hefur á fundi fjallað um húsfriðunarárið. Til umræðu kom m. a. sú hugmynd, að beina því til sveitarstjórna, að þær fyrir sitt leyti stuðli að góðri umhirðu gamalla húsa, sem varðveislugildi hafa, með því að fella niður fasteignaskatt til sveitarsjóðs að því tilskildu, að hlutaðeigandi húsi sé haldið við á fullnægjandi hátt að dómi sveitarstjórnar.

KVENNAÁRIÐ 1975

Þá hafa Sameinuðu þjóðirnar samþykkt, að árið 1975 skuli helgað baráttunni fyrir jafnrétti kvenna og karla um allan heim, og hefur menntamálaráðuneytið átt frumkvæði að samstarfi milli sín og nokkurra kvennasamtaka um aðgerðir hér á landi í tilefni kvennaársins.

Ráðuneytið hefur og vakið athygli á ákvæðum í lögum um skóla-kerfi nr. 55/1974, þar sem svo er fyrir mælt, að konur skuli njóta jafnréttis í öllu starfi innan skólakerfisins, jafnt kennarar sem nemendur.

EVROPUDAGURINN 5. MAÍ

Sambandið er beðið að hlutast til um það við sveitarstjórnir, að þær minnst með einhverjum hætti Evrópudagsins, sem haldinn er hátíðlegur á stofndegri Evrópuráðsins 5. maí eða næstu daga á undan eða á eftir. Í ár verður þess sérstaklega minnt, að aldarfjórðungur er hinn 9. maí frá hinu kunna ávarpi Roberts Schumans, en með því lagði hann hornstein að stofnun Kola- og stálsambandsins, sem var undanfari Efnahagsbandalags Evrópu, svo sem kunnugt er.

Í ávarpi undirbúningsnefndar Evrópudagsins er lagt til, að nú verði lögð áherzla á að styrkja og

efla vinabæjatengsl þau, sem við lýði eru milli sveitarfélaga í Evrópu. Ef til vill væri ástæða til þess hér á landi að gefa gaum að þeim málum.

Þá eru sveitarstjórnir minntar á að flagga með Evrópufánanum 5. maí og að láta leika Evrópustefið, sem er forleikurinn að Öðnum til gleðinnar úr 9. sínfónu Beethovens. Fáni Evrópuráðsins, 12 gular stjörnur á bláum feldi, er fánalegur á skrifstofu sambandsins, og hljómplata með Evrópustefinu ásamt þjóðsöngvum allra Evrópuríkjana, þar á meðal þeim íslenska, er fánaleg í flestum hljómplötuverzlunum.

Sú hugmynd hefur komið fram í sambandi við Evrópudaginn hér á landi og aðild sveitarstjórna í því sambandi, að sveitarstjórnir notuðu tilefnið til að kynna almenningi starfsemi sína, að hafa opið hús á bæjar- eða hreppsskrifstofunni, með því að kynna fólki ýmsa starfsemi, sem fram fer á vegum sveitarfélagsins, svo sem æskulýðsstarf, með því að hafa opið hús í æskulýðsheimilinu, með því að slökkviliðið kynnti tækjakost sinn eða með almennum sveitarfundi, þar sem rædd væri staða sveitarfélagsins og næstu verkefni.

